

## HVERFISRÁÐ HÁALEITIS- OG BÚSTAÐAHVERFIS

Ár 2014, mánudagurinn 15. desember var haldinn 127. fundur hverfisráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis og hófst hann kl 15:30 í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39. Mættir: Dóra Magnúsdóttir, Hörður Oddfríðarson, Elín Oddný Sigurðardóttir, Hjalti Sigurðarson (varamaður Elinóru Ingu Sigurðardóttur) og Kristín Erna Arnardóttir (varamaður Sverris Þórs Sverrissonar). Áheyrnafulltrúi: Sigríður Nanna Jónsdóttir, varamaður Snorra Þorvaldssonar. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Valgerður Sólveig Pálsdóttir frá Íbúasamtökum Háaleitis, Aðalbjörg Traustadóttir framkvæmdastjóri PLH og Baldur Örn Arnarson sem ritaði fundargerð.

### **Þetta gerðist:**

1. Farið yfir framgang verkefnisins Betri hverfi. Hverfisráðið fagnar þeim fjölda hugmynda sem sendar hafa verið inn á vef Betri hverfa. Það er ljóst að á meðal íbúa Háaleitis- og Bústaðahverfis eru fjölmargir einstaklingar sem hafa áhuga á þátttöku í verkefninu og hugmyndirnar sem settar hafa verið fram eru margar mjög áhugaverðar.
2. Rætt um íbúafund sem haldinn var í Breiðagerðisskóla vegna hljóðmana við Rauðagerði.
3. Afgreiðsla umsókna í styrktarsjóð hverfisráðs.  
Kl. 17:15 hófst sameiginlegur fundur hverfisráða Laugardals og Háaleitis/Bústaða
4. Umræður um sameiginleg verkefni hverfisráðanna
5. Umræður um framtíðarhlutverk hverfisráða í Reykjavík

### **Fundi slitið kl. 18:00**

Dóra Magnúsdóttir (Sign)

Kristín Erna Arnardóttir (Sign)  
Hjalti Sigurðarson (Sign)

Hörður Oddfríðarson (Sign)  
Elín Oddný Sigurðardóttir (Sign)